

Námskrá Krílakots

2024 - 2025

Sólkot

2 ára börn



Námskrá Krílakots

Krílakot er heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á málrækt, sköpun, umhverfisvernd og útikennslu í daglegu starfi. Námskrá Krílakots byggir á Aðalnámskrá leikskóla og inn í hana fléttast námsviðin; læsi, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun. Stefna Krílakots er að börnin tileinki sér þessa þætti í gegnum allt nám leikskólans.

Nám nemenda í Krílakoti byggist á að efla alhliða þroska, færni til samskipta og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt umhverfi okkar. Gleði og vellíðan nemenda eru grunnþáttur í starfi leikskólans þar sem leitast er við að bjóða upp á næg tækifæri til hreyfingar, útiveru, leiks, samskipta og sköpunar í leik og starfi.

Í leikskólanum er unnið eftir uppbyggingarstefnunni auk þess sem leikskólinn er Grænfánaskóli. Í málrækt er unnið með námsefnið Lubba og Orðaleik.

Námsleiðir leikskólans eru fjölbreyttar en leikurinn er ávallt aðalnámsleiðin og sú sem lögð er mest áhersla á. Í gegnum leikinn öðlast nemendur reynslu, auka við þekkingu sína, læra að eiga samskiði hvert við annað og ráða fram úr ágreiningsefnum sem upp koma í barnahópnum.

Lögð áhersla á að starfsfólk í Krílakoti horfi á námsþarfir nemandna, styrkleika og leitist við að finna leiðir sem virka fyrir hvern og einn einstakling. Við teljum mikilvægt að allir fái að vera með og upplifi sig sem hluta af skólasamfélaginu. Í Krílakoti er haft að leiðarljósi að allir nemendur óháð getu, kyni, tungumáli og þjóðerni séu jafn rétthá og fái sömu tækifæri í leikskólanum.

Uppbyggingarstefnan

Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga er hugmyndafræði sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglunga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Aðferðin er kennd við Diane Gossen frá Kanada, en hún hefur þróað aðferðina og kennt hana víða um heim.

Markmið:

- Að rækta og efla sinn innri áhuga
- Að bera ábyrgð á eigin námi
- Að læra leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun
- Að sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum
- Að bera ábyrgð á eigin mistökum, leiðrétta þau og bæta fyrir þau
- Að börnin séu þau sjálf- þær manneskjur sem þau vilja vera

Viðmið:

- Að nemendur þekki tilgang og geti notað litakarlana til að stjórna hegðun sinni
- Að nemendur þekki og kunni reglurnar, göngum inni í röð með stél, nota innirödd, hafa hendur og fætur hjá sér, kennarastóll er fyrir kennara, allir er jafnir óháð stöðu, þjóðerni, kyni og aldri
- Að tala á uppbyggilegan hátt við nemendur
- Að nemendur þekki og fari eftir reglum deildarsáttmálans
- Að nemendur þekki og geti nýtt sér sáttaleiðina þegar upp koma árekstrar

Mat:

- Matslisti samkvæmt uppbyggingarstefnunni

Áhersluatriði í uppbyggingarstefnunni


Það sem Uppbyggingarstefnan leitast við að ná fram hjá einstaklingum er:

- Að efla ábyrgðarkennd
- Að efla sjálfstjórn
- Að læra að tala um tilfinningar
- Að geta áttað sig á þörfum sínum
- Að læra af mistökum sínum

Kennsluskipulag

Uppeldi til ábyrgðar er hluti af daglegu starfi okkar í leikskólanum. Farið er yfir þarfirnar skipulega í hópastarfi yfir veturinn. Hver deild gerir sáttmála þar sem reglur deildarinnar eru ákveðnar af starfsfólki og nemendahópnum. Þessar reglur eru svo samþykktar af öllum á deildinni. Allir starfsmenn fá reglurnar og lita karlana á hálsbandi til að nota í starfi.

Uppbyggingarstefnan í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Sólkoti

Uppeldi til ábyrgðar	Lífsleikni	Jafnrétti/Lýðræði	Læsi
Kenna nemendum reglur leikskólans.	Gefa nemendum góðan tíma til að leika sér.	Efla skilning nemenda á að allir fái frelsi til að vera þeir sjálfir	Kenna nemendum helstu reglur í umhverfinu okkar eins og t.d. reglur með gangbraut.
Kynna fyrir nemendum litakarlana grænan, gulan og rauðan.	Veita nemendum tækifæri til að tjá sig.	Spjalla í hópastarfi og veita nemendum tækifæri til að tjá sig og kenna þeim að hlusta á aðra	Efla þekkingu nemenda á nærumhverfi leikskólans með því að fara í stuttar vettvangsferðir
Útbúa deildarsáttmála með nemendum.	Leiðbeina nemendum í samskiptum.	Finna stundir þar sem unnið er með ákvörðunartöku nemenda, þau fái að velja fyrir sig en líka fyrir hópinn	Fá að fara í heimsókn á aðrar deildir.
	Sjálfs hjálp, aðstoða nemendur við að klæða sig í og úr, og þvo sér um hendurnar og munninn.	Efla nemendur í að sjá aðra sem jafningja sína	
	Efla líkamsvitund nemenda (við berum virðingu fyrir líkama okkar og annara)	Veita nemendum tækifæri til að skapa á eigin forsendum (tökum ekki fram yfir hendur þeirra, þau skapa sjálf t.d. perla, mála, klippa og fl.)	
	Kenna nemendum reglur leikskólans (ganga inni, erum í röð og myndum stél með höndunum fyrir aftan bak)		
	Notast við litakarlana (Grænan, gulan og rauðan)		

Málrækt

Málrækt er samofin daglegu starfi í leikskólanum en einnig er unnið með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri.

Í Krílakoti er fjöldi barna sem tala fleiri en eitt tungumál og hafa annað móðurmál en íslensku. Öll börn sem eiga sér annað móðurmál en íslensku fara í málörvunartíma og er fylgst vel með málþroska þeirra sem og allra barna í leikskólanum. Við erum að vinna verkefni sem heitir LAP sem miðar að því að efla málþroska og tungumálakunnáttu barnanna. Tungumál barnanna eru sýnileg og blandast inn í verkefnavinna í samvinnu við foreldra að erlendum uppruna.

Markmið málræktar eru:

Að gefa börnum tækifæri á að kynnast tungumálinu og möguleikum þess á fjölbreytilegan hátt í leik og starfi.

Markmið:

- Að efla orðaforða
- Að efla skilning
- Að efla tjáningu
- Að efla hljóðkerfisvitund

Viðmið:

- Að leggja inn nýjan staf og orð tengdu LUBBA í hverri viku
- Að allir nemendur fari í markvissa málörvun einu sinni í viku.
- Að lesið sé fyrir alla nemendur á deildinni daglega.
- Að öll börn taki þátt í samverustund daglega þar sem unnið með málið á fjölbreyttan hátt

Mat:

- Niðurstöður út TRAS og MIO


Námsleiðir:

Í daglegu starfi og leik gefast mörg tækifæri til að vinna með málið t.d. í gegnum umræður, hlutverkaleiki, samverustundir, borðvinna, skipulagt starf og lestur. Í dagsins önn er unnið með orðaforða nemenda með því að setja orð á athafnir og hluti. Málræktin fléttast inn í allt starf leikskólans.

Kenntsluskipulag:

Unnið er með málrækt í leikskólanum bæði í gegnum dagleg samskipti en einnig í samverustundum og skipulögðum tímum. Í hópastarfi og málörvunartímum fer fram markviss vinna með málið þar sem ákveðin verkefni eru tekin fyrir sem tengjast málrækt, stærðfræði og vísindum. Námið er miðað að aldri og þroska nemenda og mikið lagt upp úr að námið fari fram í gegnum leik. Leitast er við að lesið sé fyrir nemendur í litlum og stórum hópum og kenndar vísur, pulur og sönglög.


Málrækt á Sólkoti



Leiðir að markmiðum á Sólkoti

Málrækt	Málakilningur	Tjáning	Hljóðkerfisvitund
Lesið og syngja með nemendum daglega	Lesið bækur og spyrja spurninga úr þeim.	Óbein leiðrétting – herma eftir með rétttri orðaröð og framburði	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum.
Vinna með Lubba. Allir á deildinni eiga sitt Lubbatákn. Kenna hreyfingu og söngva með hverju tákn.	Vinna með örsögur, myndrænt.	Lengja setningar nemenda með því að endurtaka það sem þau segja og bæta inn meiri upplýsingum	Æfa hlustun með lestri og leikjum
Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt fyrir nemendur. Fáar en lýsandi myndir.	Æfla orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir. Fara sérstaklega yfir orðaforða sem tengist mat, fötum, dýrum og líkamshlutum	Kenna ég og þú.	Vinna með athyglis- og minnisleikir
Vinna með spil, myndir og málræktarefni sem til er úr daglegu starfi	Kenna gulan, rauðan, bláan og grænan.	Æfa spurningar og svör, s.s. hvað heitir þú (fornafn) ?, hvað ert þú gamall/gömul	Læra vísur, þulur og sönglög
Setja orð á hluti og allar athafnir	Kenna hugtök: Eiginleikahugtök (stór/lítill). Staðsetningarhugtök (undir/yfir).	Vinna með hrynjandi/takt	
	Vinna með vísur/þulur úr vísnaðókum.	.	


Vísindi



Leiðir að markmiðum á Sólkoti

Bernskulæsi	Stærðfræði	Vísindi
Gera ritmál sýnilegt.	Vinna með hugtakaskilning tengt stærðfræði, t.d. hugtökin stór og lítill, upp og niður, einn og margir.	Sækja réttan hlut t.d minnsta kubbinn, rauða kubbinn, stóra vettlinginn.
Aðgangur að pappír og skriffærum er í boði undir eftirliti kennara.	Nemandi læri hvað tveir er mikið, getur sótt tvo hluti eftir gefnum fyrirmælum, sýnir aldur sinn með réttum fjölda fingra.	Vinna með að setja mismarga hluti eftir fyrirmælum í ákveðin ílát.
Lesi fjölbreytt efni fyrir nemendur, kenna þeim að hægt er að lesa ritmál hvar sem það kemur fyrir.	Vinna með mismunandi liti, bæði inni og úti.	Nemandi læri að gera einfaldar tilraunir. T.d með vatn, snjó, sull, ljós, skugga og hrísgrjón.
Myndrænt skipulag alltaf sýnilegt fyrir nemendur.	nemandi læri hvaða útiföt það þarf þegar rignir. Lærir að ganga frá leikföngum á réttan stað, sækir hluti sem þarf að nota(t.d. hamar til að smíða, glas til að drekka úr).	
Vinna með spil, myndir og málræktarefni sem til eru í leikskólanum	Kenna nemendum hugtök tengd líkamshlutum eins og t.d.bendir á hvar líkamshlutar eru (hönd, fótur, auga o.s.frv. a.m.k. fjóra mismunandi) Sýnir að það getur greint á milli ólíkra forma (getur t.d. sett réttan hlut í rétt gat á kassa og pinnapúsl).	
	Nemandi læri að Parar saman tvær eins myndir/hluti Sýnir áhuga á takti og hreyfingu	
	Nemandi byrji að læra að telja upp í 5.	
	Nemandi læri að notast við Numicon kubbana til að efla þau í stærðfræði	

Fjölmennning í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Sólkoti

Jafnrétti og lýðræði	Læsi	Vellíðan	Menning
Frelsi til að vera maður sjálfur. Enginn er eins.	Þjóða upp á söng og pólskar samverustundir einu sinni í viku. Finna lög og texta á fleiri tungumálum.	Jákvæð dagleg samskipti.	Læra t.d. meistari Jakob á tungumálum þeirra sem eru í nemenda hópnum hverju sinni og skoða þjóðfánana.
Efla nemanda sem einstaklinga, fá þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðum augum.	Myndrænt dagskipulag sýnilegt fyrir nemendur.	Læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.	Barnasáttmáli sameinuðupjóðanna.
Kenna nemendum að taka við hrósi og gefa hrós.	Myndrænn stuðningur við hegðun.	Kenna félagshæfni, leik og samskipti.	
	Vinna með spil, myndir og málræktarefni sem til er í daglegu starfi.	Efla sjálfstæði einstaklingsins.	
	Lesi og syngja með nemendum daglega.	Kenna nemendum að setja orð á tilfinningar og bregðast við þeim.	
	Fara í vettvangsferðir og skoða nánasta umhverfi.		

Heilbrigði og vellíðan

Krílakot er heilsueflandi leikskóli. Í leikskólanum er heilsuefling höfð að leiðarljósi. Markmið með heilsueflandi leikskóla er að venja nemenda strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Lögð er áhersla á hreyfingu, fræðslu og að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum daglega.

Markmið heilsueflandi leikskóla er:

- Að stuðla að andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan nemenda
- Að stuðla að heilsueflingu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik
- Að nemendur öðlist félagslega vellíðan

Viðmið:

- Að allir nemendur fari í útivist einu sinni á dag
- Að allir nemendur fari í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku
- Að boðið sér upp á ávexti daglega
- Að allir nemendur fari einu sinni í viku í útikennslu, lengd fer eftir aldri barnanna

Mat:

- Fylla út matslista í þroskaslistum


Námsleiðir:

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda og nærsamfélag.

Kennsluskipulag:

Allir nemendur fari daglega í útiveru og 2 elstu deildarnar fara í göngu/vettvangsferðir minnst einu sinni í viku. Hinar 3 deildarnar fara í vettvangsferðir eins oft og kostur er. Vikulega fara nemendur í hreyfistund í sal þar sem unnið er að ákveðnum markmiðum. Í leikskólanum eru settar upp þrautabrautir, farið í hreyfileiki og íþróttir og sund. Fræðsla um hollt mataræði og heilbrigða lífshætti fer fram í daglegu starfi en einnig í gegnum verkefnavinnu og hópastarf. Unnið er að því að auka vitneskju nemenda um líkamann, styrkja sjálfsmynd þeirra, stuðla að betri hreyfifærni og mikilvægi slökunar og hvíldar. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og að nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru umhyggju í leik og starfi. Einnig er lögð áhersla á að kenna nemendum daglega umhirðu sem við kemur hreinlæti, matmálstímum og umgengni.

Heilsustefnan og Grænfáni í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Sólkoti

Næring og sjálfshjálp	Hreyfing	Heilsa og vellíðan	Grænfáni
Nota gaffalinn og halda mat á disknum	Dagleg útivera	Tannverndarvika einu sinni á ári	Vinna verkefni sem ákveðin eru að hausti.
Klæða sig í útiföt byrja rólega t.d. peysa og sokkar fyrst.	Hreyfileikir í daglegu starfi	Kenna nemendum að fara eftir reglum skólans	Efla meðvitund þeirra um flokkun og tína rusl
Hvetja nemendur til að smakka fjölbreyttan mat.	Markvissar gönguferðir að minnsta kosti einu sinni í viku sem reyna á þol, jafnvægi og styrk	Kenna nemendum um mikilvægi hreinlætis	Nýta efnivið til fulls (ekki eyða óþarfa pappír og fl.)
	Farið sé í útikennslu einu sinni í viku		Kenna þeim að láta vatnið ekki renna að óþörfu (skrúfa fyrir vatn þegar það er ekki í notkun)
			Vinna verkefni tengt nærumhverfinu

Sköpun

Nemendur hafa mikla þörf fyrir að skapa. Sköpunargleðin og ímyndunaraflið fá best að njóta sín í gegnum leik með fjölbreyttan efnivið. Sjálfst sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman þ.e.a.s. að fá að prófa sig áfram með efnivið, gera tilraunir og þjálfar upp færni á eigin forsendum. Sköpun getur farið fram í gegnum leik, umræður, hreyfingu, tónlist, leiklist, myndsköpun, dans o.s.frv.

Markmið:

- Að efla forvitni og sköpunargleði nemenda.
- Að ýta undir sjálfstraust og ímyndunarafl nemenda.

Viðmið:

- Að nemendur þori að prufa sig áfram með hin ýmsu efni sem í boði eru til sköpunar
- Að nemendur prófi sig áfram í gegnum leik og skapi þannig sinn ævintýraheim.
- Að nemendur taki daglega þátt í söngstund.

Mat:

- Fylla út í þroskalista.


Námsleiðir:

Sköpun er hluti af heilsustefnunni og stór þáttur í leikskólastarfinu. Í daglegu starfi er unnið með myndlist, tónlist og önnur listform eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að prófa sig áfram, gera tilraunir, þjálfar upp færni og efla sjálfstraust. Leikurinn er skapandi námsleið, í gegnum hann geta nemendur prófað sig áfram og skapað ævintýraheima.

Kennsluskipulag:

Að minnsta kosti einu sinni í viku fara nemendur í listasmiðju þar sem unnið er með fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt. Í hópastarfi er unnið með sköpun á markvissan hátt þar sem nemendur eru hvattir til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Fastir liðir á hverjum vetri eru t.d. vinna með tónlist, jólagjafir handa foreldrum, listsköpun út frá þemum vetrarins og hugmyndaflugi nemenda. Stundum fæðast hugmyndir í dagsins önn sem unnið er með í leik og starfi. Í daglegu starfi hafa nemendur aðgang að skrifffærum, skærum, litum, pappír og öðrum efniviði sem þau geta notað við sköpun inni á deild.

Sköpun í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Sólkoti

Sköpun	Myndsköpun	Tónlist	Menning
Leggja áherslu á frjálsan leik	Vinna verkefni úr fjölbreyttum efnivið í Listalaut	Söngstund daglega	Fræða nemendur um nærumhverfi sitt
Kenna grunnfærni í hlutverkaleik		Söngfundur Krílakots einu sinni í viku	Fara í heimsókn t.d. á söfn, tónlistarskóla og ýmsar sýningar
			Fræðast um ýmsar hefðir og venjur.